

Bókasafn Grindavíkur, starfsárið 2018

Bókasafns Grindavíkur, Ásabraut 2

netfang: bokasafn@grindavik.is

veffang: www.grindavik.is/bokasafn

Afgreiðslutími:

Safnið er opið frá 8-18 alla virka daga.

Afgreiðslutíminn var svo frá 12.30-18.00 yfir sumarmánuðina, en hefðbundinn opnun tók við 22. ágúst og var safnið opið í alls 249 daga.

Húsnæði:

Safnið er í 443m² húsnæði á jarðhæð, auk geymslu í kjallara.

Tölvukerfi:

Bókasafnskerfið er Gegnir, Landskerfi bókasafna.

Rafrænn aðgangur:

Bókasafnið tekur þátt í rekstri landsaðgangs að rafrænum gögnum á leitir.is, auk þess að hafa þrjár borðtölvur og spjaldtölvur í boði fyrir lánþega sem vilja skoða/lesa rafræn rit.

Bókasafnið er einnig hluti af rafbókasafninu, rafrænu samlagssafni allra bókasafna landsins, sem gefur notendum okkar möguleika á að fá lánaðar bækur rafrænt til að lesa á spjaldtölvum, sínum eða lesbrettum ýmiskonar. Safnið á eitt lesbretti til að lána út.

Rekstrartölur:

Fjárhagsáætlun 2018 hljóðar upp á útgjöld fyrir 42.782.751 kr.

Starfsfólk:

Forstöðumaður, Andrea Ævarsdóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur, var í 100% stöðu.

Guðbjörg Ásgeirsdóttir var í 70% stöðu og Viktoría Róbertsdóttir í 100% stöðu til 31. júlí.

Árdís Sigmundsdóttir var ráðin í 100% stöðu í hennar stað og hóf störf 7. Ágúst. Dóra Dís Hjartardóttir, aðstoðarmaður er í 25% stöðu, á vegum „Atvinnu með stuðningi“ (stöðugildið heyrir ekki undir safnið).

Tölulegar upplýsingar – lykiltölur fyrir árið 2018: (tölur frá síðasta ári í sviga)

Afgreiðslutími var 54 klst á viku, nema á tímabilinu 1. júní til 23. ágúst, en þá var opið í 27,5 tíma á viku.

Fjöldi lánþega með gild skírteini við árslok 2017 voru 879 (893). Ef nemendur og kennarar eru taldir með er fjöldinn hins vegar

Heimsóknir voru um 8.572 (8.991) sem er dálítið færri en á árin 2017 og erum við nú í svipuðum fjölda heimsókna og 2014.

Fjöldi skráðra eintaka í Gegni við árslok voru 33.263 (33.039).

Sumarlestur var talsvert betri en árið 2017. Það þýðir að nú hefur þátttaka í sumarlestri skánað tvö ár í röð og vonum við að sú þróun haldi áfram.

Útlán safnsins voru alls 45.769 (41.363). Inn í þessari tölu eru einnig útlán á námsbókum til nemenda. Þetta þýðir að hver lánþegi fékk að meðaltali 52 (46) gögn að láni á árinu 2018.

Helstu viðburðir ársins:

Í byrjun janúar hófst lestrarátak Ævars vísindamanns og tók safnið þátt í því eins og áður.

Menningarvikan var mjög skemmtileg á bókasafninu og boðið var upp á marga viðburði. Það var örnámskeið í ljósmyndun fyrir 10-16 ára í umsjón Viggósdóttur. Afrakstur námskeiðsins var síðan sýndur á sérstakri sýningu í tengslum við sjómannadaginn. Stjörnu-Sævar var með fyrirlestur um stjörnuhimininn, tónleikar á vegum tónlistarskólans voru haldnir og að lokum var menningarkvöld bókasafnsins haldið á Bryggjunni. Már Jónsson sagnfræðingur og Dr. Birna Bjarnadóttir héldu fyrirlestra um bækur sínar „Þessi sárafatæka sveit“ og óútgefna bók um Guðberg Bergsson og hans skrif.

Í apríl var haldinn aðalfundur SFA – Samtaka forstöðumanna almenningsbókasafna, þar sem forstöðumaður safnsins var kjörin í stjórn félagsins til næstu tveggja ára, ásamt öðrum forstöðumönnum af Suðurnesjum. Á haustmánuðum var svo ákveðið að verkaskiptingin yrði sú að Grindavík sæi um formennsku, Reykjanesbær tæki gjaldkerastöðuna og Sandgerði og Garður yrðu meðstjórnendur. Vogar gáfu ekki kost á sér í þetta starf vegna mannbreytinga á safninu þar.

Sumarlesturinn hófst svo eftir að skóla lauk í júní og stóð hann til 17. ágúst. Þátttakan var betri en undanfarin ár og horfum við vongóðar til ársins 2019.

September var plastlaus eins og árið 2017 og erum við ennþá að gefa fjölnota poka til safngesta. Stefnt er að því að gera ennþá róttækari breytingar á plastnóttun safnsins og erum við að horfa til Noregs í þeim efnum. Norðmenn plasta engar bækur nema námsbækur og mikið lesnar kiljur (t.d. rauðu seríuna) og stefnir forstöðumaður á ferð til Arvdal þar sem íslenskur bókasafnsfræðingur starfar, til að kynna sér hvaða aðferðir norðmenn nota. Þetta myndi bæði verða til góðs fyrir umhverfið og á endanum sjáum við fram á sparnað í vinnu og fjármunum.

Fyrirlestur með yfirskriftinni „Geðveikar húsfreyjur“ var á safninu 16. október. Hann byggði á BA ritgerð Hörpu Rúnar Kristjánsdóttur, „Vertu stillt vina mín“ – sturlun og sveitasamfélag í skáldsögunum *Dalalífi* og *Ljósu*. Mjög góð mæting var á þennan fyrirlestur.

25. og 26. október var safnið lokað vegna Landsfundar Upplýsingar, fagfélags á sviði bókasafns- og upplýsingamála. Starfsmenn safnsins sóttu áhugaverða fyrirlestra um ýmis málefni í fyrirlestrarsal Hörpu. Landsfundurinn var á vegum Borgarbókasafns Reykjavíkur þetta árið og yfirskriftin var „Fólk, tækni og rými í breyttum veruleika bókasafna“. Aðalfyrirlesarar voru Aat Vos arkitekt og Reinert Andreas Mittassel, deildarstjóri Biblio Tøyen í Osló sem er aðeins fyrir unglunga á aldrinum 12-16 ára.

1. nóvember opnaði farandsýningin „Þetta vilja börnin sjá“ á bókasafninu og var hún opin til 1. desember. Leikskólum og yngri bekkjum grunnskólans var boðið að koma í heimsókn og skoða myndskreytingar úr íslenskum barnabókum.

Vefur safnsins og facebook-síða:

Vefur bókasafnsins, www.grindavik.is/bokasafn er upplýsingaveita safnsins ásamt Facebook-síðu. Safnið er einnig komið á pinterest, instagram og snapchat.

Önnur þjónusta:

Safnið veitir upplýsingaþjónustu, auk þess að fá efni í millisafnaláni.

Lánnum bókakassa í skip.

Leikskólar og yngri bekkir grunnskólans koma á safnið – þau fá stutta kynningu og kannski lítil verkefni, en þau yngstu koma til að venjast safninu og skoða bækur. Leikskólarnir fá einnig lánaða bókakassa til að auka við úrvalið hjá sér.

Kerfisleg þjónusta við lánþega: sendar eru viðvaranir, í netpósti eða sms og svo aftur þegar gögn eru komin í vanskil, þrisvar sinnum.

Samstarfssöfn og félög:

Landskerfi bókasafna, (með öll Gegnissöfnin) – forstöðumaður sækir aðalfund.

Alefli – félag notenda hjá Landskerfi – forstöðumaður sækir árleg ráðstefnu og aðalfund.

Samstarf almenningsbókasafna á Suðurnesjum – forstöðumaður sækir fundi eftir þörfum.

Samtök forstöðumanna almenningsbókasafna, SFA – forstöðumaður sækir fundi vor og haust.

Upplýsing - félag bókasafns- og upplýsingafræða – forstöðumaður sækir landsfund annað hvert ár og ráðstefnu á vegum félagsins hitt árið.

Félag fólks á skólasöfnum heldur fundi óreglulega og sækir forstöðumaður þá fundi.

Nýlega var stofnaður félagsskapur skólabókasafna á Suðurnesjum og sækir forstöðumaður þá fundi.

Grindavík, 18. janúar 2018

Andrea Ævarsdóttir, forstöðumaður.